



Fundargerð

4. fundar hreppsnefndar Rangárþings ytra á kjörtímabilinu 2014 – 2018. Fundurinn var haldinn að Suðurlandsvegi 1-3, Hellu, þriðjudaginn 14. október 2014 og hófst kl. 9.00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson oddviti, Yngvi Karl Jónsson, Sólrún Helga Guðmundsdóttir, Sigdís Oddsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Haraldur Eiríksson og Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Einnig sat Eypór Björnsson starfandi aðalbókari fundinn undir lið 2.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Oddviti lagði til breytingu á dagskrá. Við bætist liður 7. Fyrirspurnir frá Á-lista, aðrir liðir færast niður.

Samþykkt samhljóða

Oddviti og sveitarstjóri fluttu stutt yfirlit um stöðu verkefna frá síðasta fundi hreppsnefndar.

1. Fundargerðir hreppsráðs

1.1 Fundur 4 í hreppsráði 23092014

Bókun Á-lista: Fulltrúar Á-lista ítreka bókun á 4. fundi hreppsráðs þar sem óskað var eftir að formaður stjórnar Lundar kæmi á næsta fund sveitarstjórnar til að kynna verkefni um nýbyggingu við Lund fyrir sveitarstjórn. Rangárþing ytra, ásamt Ásahreppi, ber fulla fjárhagslega ábyrgð á verkinu og því nauðsynlegt að sveitarstjórn sé vel upplýst. Fulltrúar Á-lista telja óheppilegt að stjórn Lundar taki að sér hlutverk byggingarnefndar. Æskilegt væri að hafa byggingarnefnd yfir verkinu sem er skipuð aðilum sem hafa þekkingu á byggingarframkvæmdum. Yngvi Karl Jónsson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir og Sigdís Oddsdóttir.

Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir sameiginlegum fundi með stjórn Lundar sem fyrst þar sem fulltrúum Ásahrepps yrði boðið að vera með á kynningu á nýbyggingu Lundar. Samþykkt samhljóða

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina samhljóða

2. Fjárhagsmál – Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2014 með viðauka

Eypór Björnsson starfandi aðalbókari mætir til fundar og gerir grein fyrir helstu atriðum í viðaukanum og áhrifum þeirra á gildandi fjárhagsáætlun.

Sveitarstjórn samþykkir viðaukann samhljóða

Sveitarstjórn ályktar að til framtíðar skuli breyta vinnulagi hvað gerð viðauka varðar og taka upp þá reglu að sérstakur viðauki sé gerður og afgreiddur í hvert sinn sem verulega er brugðið út af fjárhagsáætlun ársins. Þetta vinnulag verði tekið upp í stað þess að vísa verulegum breytingum innan ársins til gerðar viðauka við endurskoðun fjárhagsáætlunar.

Þorgils Torfi Jónsson
Yngvi Karl Jónsson

3. Fundargerðir fastanefnda, nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

3.1 Fundur 2 í Fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps 220914 í 4 liðum

Liður 3.3 úr fundargerðinni afgreiðist sérstaklega.

3.1.1 liður 3.3: Umsókn um stöðu leikskólastjóra Heklukots

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ráða Auði Erlu Logadóttur í starf leikskólastjóra við Heklukot. Jafnframt tekur sveitarstjórn undir með fræðslunefnd með þakker til Þórunnar Óskar Þórarinsdóttur fyrir frábært starf sem leikskólastjóri undanfarin ár og óskar benni velfarnaðar í nýjum verkefnum.

Fundargerðin er einnig að öðru leyti staðfest samhljóða

3.2 Fundur 74 í Skipulagsnefnd 02102014, í 12 liðum

3.2.1. 1405027 - Austvaðsholt I, landskipti

Helgi og Jón Gunnar Benediktssynir hafa óskað eftir að fá að skipta landi sínu til helminga úr landi Austvaðsholts I, landnr. 164963. Fyrir liggur dómur Hérðasdóms Suðurlands nr. E-156/2009 frá 9.12.2009 um landamerki og er uppdráttur gerður í samræmi við þann dóm, eins og segir í greinargerð skiptagerðar.

Austvaðsholt I er skipt í 2 jafna hluta auk einnar minni lóðar fyrir útihús.

Stærð Austvaðsholts Ib, landnr. 164963 verður eftir skiptin 176,5 ha og þar af eru um 41 ha ræktað land.

Stærð Austvaðsholts Ic, landnr. 164965 verður eftir skiptin 176,5 ha og þar af eru um 47 ha ræktað land.

Afmörkuð er 0,22 ha lóð fyrir útihús við aðkomuveg að Austvaðsholti Ib. Á lóðinni er hesthús sem færast yfir á Austvaðsholt Ib, 164963. Ný lóð fær landnr. 222774 og verður í óskiptri sameign beggja jarðanna.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhuguð landskipti en vekur athygli á að ágreiningur er á milli núverandi eigenda Austvaðsholts I og Austvaðsholts II um ytri mörk jarðarinnar. Því tekur nefndin ekki afstöðu til ytri marka jarðarinnar.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar með leiðréttingu á stærð afmarkaðrar lóðar fyrir útihús úr 0,37 ha í 0,22 ha.

3.2.2. 1410001 - Saurbær lóð D, landskipti

Ólafur Pálsson, Jón Pálsson og Elías Pálsson sækja um stofnun lóðar úr Saurbæ, landnr. 165155. Ný lóð verður með heitið Saurbær, lóð D, landnr. 222675, stærð 35000 m²

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við umrædd landskipti.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

3.2.3. 1410003 - Selalækur, 2&3 og 4, landskipti

Þórir og Bjarni Jónssynir, eigendur Selalækjar 2&3 og Guðjón Egilsson eigandi Selalækjar 4 hafa óskað eftir umsögn sveitastjórnar vegna áforma um landskipti úr jörðinni Selalækur. Jörðin Selalækur í Rangárþingi ytra, liggur sunnan Suðurlandsveggar og á land að Hróarslæk og Ytri-Rangá. Í fasteignamati er jörðin skráð sem Selalækur 2-3, landnr. 164547 og Selalækur 4, landnr. 164546. Auk þess var hluti jarðarinnar í óskiptri sameign landnr. 164548 sem nú er skipt milli jarðanna. Þá hefur verið skipt út úr jörðinni lóð fyrir íbúðarhús, Selalæk 1, landnr. 164549 og lóð fyrir íbúðarhús að Selalæk 4, landnr.

219996.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhuguð landskipti.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

3.2.4. 1406014 - Helluvað 3, deiliskipulag

Anna María Kristjánsdóttir yfirgaf fundinn við afgreiðslu næsta máls.

Steinsholt sf, fyrir hönd Ara Árnasonar á Helluvaði 3, hafa fengið heimild sveitastjórnar til að fá að deiliskipuleggja part úr jörðinni sem frístundasvæði. Gert er ráð fyrir að skipta út úr Helluvaði 3 svæði fyrir frístundalóðir en nú þegar hefur einni frístundalóð, um 0,2 ha, verið skipt út úr jörðinni.

Svæðið er um 16 ha að stærð og gert verður ráð fyrir 6 lóðum. Svæðið eru blásnir sandmelar, mjög gróðurýrir en lækjarfarvegur liggur um svæðið vestanvert.

Aðkoma er af Rangárvallavegi nr. 264 skammt ofan Suðurlandsvegur, um veg að Gilsbakka og áfram veiðislóða að Ytri-Rangá og af honum verður gerður nýr, um 300m langur aðkomuvegur að frístundahúsunum.

Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra í tengslum við skipulag svæðisins.

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og leggur til að hún verði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Anna María Kristjánsdóttir kemur aftur á fundinn.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

3.2.5. 1401006 - Kot, Jónskot, breyting á aðalskipulagi

Rangárþing ytra hefur samþykkt að gera breytingar á landnotkun þriggja svæða í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Um er að ræða breyting á landbúnaðarsvæði í frístundasvæði fyrir Jónskot úr landi Kots, einnig í Melbæ úr landi Hallstúns, breyting á frístundasvæði í landbúnaðarsvæði á spildu úr landi Hallstúns, norðan Ölversholtsvegur og færslu á skipulagsmörkum þjónustu- og athafnasvæðis við Rangárflatir á Hellu, þar sem gert er ráð fyrir að svæðið stækki til suðurs.

Lýsing hefur verið kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og rann út frestur til ábendinga þann 3. janúar 2014. Engar ábendingar bárust. Tillagan hefur einnig verið kynnt skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Auk þess var tillagan auglýst frá 17.7.2014 - 28.8.2014 og bárust engar athugasemdir.

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi breytingu á aðalskipulagi fyrir Jónskot og leggur til að tillagan verði send Skipulagsstofnun til endalegrar meðferðar.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

3.2.6. 1310043 - Hallstún, austan Landvegur. Breyting á aðalskipulagi.

Rangárþing ytra hefur samþykkt að gera breytingar á landnotkun þriggja svæða í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Um er að ræða breyting á landbúnaðarsvæði í frístundasvæði fyrir Jónskot úr landi Kots, einnig í Melbæ úr landi Hallstúns, breyting á frístundasvæði í landbúnaðarsvæði á spildu úr landi Hallstúns, norðan Ölversholtsvegur og færslu á skipulagsmörkum þjónustu- og athafnasvæðis við Rangárflatir á Hellu, þar sem gert er ráð fyrir að svæðið stækki til suðurs.

Lýsing hefur verið kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og rann út frestur til ábendinga þann 3. janúar 2014. Engar ábendingar bárust. Tillagan hefur einnig verið kynnt skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Auk þess var tillagan auglýst frá 17.7.2014 - 28.8.2014 og bárust engar athugasemdir.

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi breytingu á aðalskipulagi fyrir Hallstún og leggur til að tillagan verði send Skipulagsstofnun til endanlegrar meðferðar.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

3.2.7.1311031 - Rangárþing ytra, breytingar á aðalskipulagi fyrir Rangárflatar á Hellu

Rangárþing ytra hefur samþykkt að gera breytingar á landnotkun þriggja svæða í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Um er að ræða breyting á landbúnaðarsvæði í frístundasvæði fyrir Jónskot úr landi Kots, einnig í Melbæ úr landi Hallstúns, breyting á frístundasvæði í landbúnaðarsvæði á spildu úr landi Hallstúns, norðan Ölversholtsvegar og færslu á skipulagsmörkum þjónustu- og athafnasvæðis við Rangárflatar á Hellu, þar sem gert er ráð fyrir að svæðið stækki til suðurs.

Lýsing hefur verið kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og rann út frestur til ábendinga þann 3. janúar 2014. Engar ábendingar bárust. Tillagan hefur einnig verið kynnt skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Auk þess var tillagan auglýst frá 17.7.2014 - 28.8.2014 og bárust engar athugasemdir.

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi breytingu á aðalskipulagi fyrir Rangárflatar á Hellu og leggur til að tillagan verði send Skipulagsstofnun til endanlegrar meðferðar.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

3.2.8.1301032 - Svínhagi, SH5, deiliskipulag

Sigrún Erna Geirsdóttir og Kjartan Þór Halldórsson hafa fengið heimild til að deiliskipuleggja 3 ha eignarlóð sína nr. SH-5 úr landi Svínhaga, landnr. 211016.

Lóðin er skilgreind sem frístundasvæði skv. aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Erindið hefur verið til meðferðar síðan í byrjun árs 2012 en áformuð vegtenging fékk ekki heimild Vegagerðar og auk þess skorti undanþágu frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti vegna fjarlægðar frá tengivegi. Heimild Vegagerðar ríkisins liggur fyrir ásamt því að undanþága hefur verið veitt frá ráðuneyti.

Tillagan var send lögbundnum umsagnaraðilum ásamt því að vera auglýst en sökum tímaákvæða verður að hefja ferlið að nýju.

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og leggur til að hún verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt vísar skipulagsnefnd til afgreiðslu nefndarinnar frá 28.1.2013 um að fallið skuli frá lýsingu og kynningu skv. 40. gr. sömu laga.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.


3.2.9.1305038 - Svínhagi R-24-25, breyting á deiliskipulagi

Þjörgvin S. Stefánsson hefur fengið heimild sveitarfélagsins til að deiliskipuleggja lóðir sínar nr. R-24 og R-25 í landi Svínhaga. Lóðirnar verði sameinaðar í eina. Deiliskipulag fyrir heildarsvæðið, Heklubýggð, hefur öðlast gúldistöku og því er unnt að hefja tiltekna breytingu.

Skipulagsnefnd samþykkir framlagða tillögu og leggur til að hún verði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

3.2.10.1401025 - Landsvirkjun, Vindlundur á Þjórsár-, Tungnaár-svæðinu

 25

Landsvirkjun hefur lagt fram áform um að reisa allt að 200 MW vindmyllugarð við austanvert Búrfell. Landsvirkjun hefur lagt fram tillögu að matsáætlun. Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillöguna.

Lagt fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar

3.2.11. 1302038 - Jarlsstaðir, breyting á aðalskipulagi vegna breytinga á landnotkun.

Þór Þorsteinsson hefur fengið heimild til breytinga á aðalskipulagi Rangárbings ytra í landi sínu Jarlsstöðum úr landi Stóru-Valla, landnr. 205460. Um er að ræða breytingar á landnotkun, s.s. iðnaðarsvæði vegna malarnáms og steypustöðvar ásamt áformum um golfvöll. Einnig verður skilgreint um 50 ha svæði undir frístundabyggð.

Lýsing hefur verið kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga frá 17.7.2014 - 1.8.2014 og bárust engar athugasemdir.

Kynningu á tillögunni lauk þann 3.9.2014 og bárust engar athugasemdir.

Heimild hefur verið fengin frá Skipulagsstofnun um auglýsingu á tillögunni að uppfylltum smávægilegum lagfæringum í greinargerð.

Skipulagsnefnd leggur til að niðurstaða sveitastjórnar í greinargerð verði á þessa leið:

Framkvæmdin fellur að markmiði sveitarstjórnar um fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifæri og með nýjum golfvelli styður hún við uppbyggingu í tengslum við útivist. Framkvæmdin styrkir sömuleiðis atvinnulíf á svæðinu en skerðir jafnframt landbúnaðarland, sem reyndar er lítið nýtt, enda að stórum hluta blásið hraun. Þá skerðist eldhraun, svæði sem nýtur verndar skv. 37 gr. laga nr. 44/1999. Hraunið er allt blásið og sandi orpið sem takmarkar talsvert náttúruverndargildi þess. Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum til að takmarka mengunarhættu út frá iðnaðarstarfsemi. Þá verður gerð grein fyrir frárennsli og hreinsivirki í samræmi við kröfur heilbrigðisyfirvalda. Við gerð deiliskipulags fyrir svæðið verði tekið tillit til hraunmyndana og hraunkanta og þeim hlíft við raski og minnt er á ákvæði aðalskipulags varðandi stærðir frístundalóða og að hugað sé að mikilvægum náttúruminum og jarðmyndunum. Þá minnir sveitarstjórn á ákvæði skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 um að ekki verði reist mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

3.2.12. 1409028 - Litli-Klofi C2, byggingarleyfi

María Antonisdóttir óskar eftir leyfi til að byggja 120 m² sumarhús á lóð sinni C2 í landi Litla-Klofa. Svæðið er skilgreint sem frístundasvæði í aðalskipulagi en ekki liggur fyrir deiliskipulag.


Skipulagsnefnd telur að þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu þurfi að grenndarkynna áform umsækjanda. Nefndin felur byggingarfulltrúa að leita umsagna hjá aðliggjandi lóðarhöfum á svæðinu og samþykkir að veita skuli byggingarleyfi þegar jákvæð niðurstaða liggur fyrir.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

4. Fundargerðir annarra nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

4.1 Fundur 4 í stjórn Lundar 071014

Lagt fram til kynningar

 26

4.2 Fundur 1 í stjórn Suðurlandsvegur 1-3 ehf. 06102014

Lagt fram til kynningar

Yngvi Karl Jónsson áréttar að hann hafi óskað eftir því við lögmann Sambands Íslenskra Sveitarfélaga að staðfest verði með lögmati aðalfundar Suðurlandsvegur 1-3 ehf.

Sveitarstjórn Rangárbings ytra felur sveitarstjóra að leita eftir samvinnu við stjórn Suðurlandsvegur 1-3 ehf um að kynna fyrir ríkisvaldinu þá aðstöðu sem er til staðar í Stjórnsýsluhúsi félaganna á Hellu. Húsnæðið er miðsvæðis á Suðurlandi og mjög heppilegt fyrir margvíslega starfsemi.

Samþykkt samhljóða

4.3 Stjórnarfundur 483 SASS

Lagt fram til kynningar

4.4 Stjórnarfundur 485 SASS

Lagt fram til kynningar

5. Önnur erindi til umsagnar og afgreiðslu:

5.1 Erindi frá Steingrími Erlingssyni BioKraft um vindmyllur

Sveitarstjórn fagnar fyrirbugðu áframbaldi verkefnis á nýtingu vindorku. Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til skipulagsnefndar til frekari umfjöllunar.

Samþykkt samhljóða

5.2 Málefni fatlaðra á Suðurlandi – drög að samþykktum fyrir byggðasamlag

Sveitarstjórn samþykkir stofnun byggðasamlagsins um málefni fatlaðra á Suðurlandi og felur sveitarstjóra umboð til að undirrita nauðsynleg skjöl vegna stofnunar byggðasamlagsins.

Samþykkt samhljóða

5.3 Erindi frá félagi eldri borgara um stofnun Öldungaráðs

Sveitarstjórn tekur undir mikilvægi þess að stofnað verði sérstakt Öldungaráð sem starfi á sýsluvísu og verði samstarfsvettvangur sveitarstjórna og eldri borgara.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í fyrirbugðu öldungaráði og felur breppsráði að tilnefna fulltrúa Rangárbings ytra í ráðið.

5.4 Frá Landsvirkjun – ósk um breytingu á aðalskipulagi


Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og samþykkir að vísa því til frekari umfjöllunar hjá skipulagsnefnd.

Samþykkt samhljóða

6. Fundarboð, umsóknir um styrki og boð um þjónustu

6.1 Erindi frá meistaraflokksráði KFR, beiðni um styrk.

Sveitarstjórn vísar til samstarfssamnings Rangárbings ytra við KFR, þar sem meðal annars eru ákvæði um frí afnot af íþróttamannvirkejum sveitarfélagsins. Sveitarstjórn telur sér ekki fært að verða við beiðni um frekari stuðning á þessu ári.

 27

Samþykkt samhljóða

6.2 Leiðir verkfræðistofa

Til kynningar

6.3 Aðalfundur félags slökkviliðsstjóra

Samþykkt samhljóða að beina erindinu til stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu til úrlausnar.

7. Fyrirspurnir frá Á-lista

7.1 Kynningarmál sveitarfélagsins

Kynningarmál sveitarfélagsins eru í skoðun hjá sveitarfélaginu og verða nædd í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs.

7.2 Staða á innleiðingu One-system

Innleiðing kerfisins er vel á veg komin.

7.3 Listaverk í eigu sveitarfélagsins og stofnana þess

Ekki er vitað um aðgengilegt yfirlit um listmuni sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að sjá til þess að slíkt yfirlit verði tekið saman.

Samþykkt samhljóða

8. Annað efni til kynningar:

8.1 Þróun almenningsamgangna á Suðurlandi

Lagt fram til kynningar

8.2 Stækkun hafnar í Þorlákshöfn

Lagt fram til kynningar

8.3 Niðurstaða hæstaréttardóms

Lagt fram til kynningar

Fundargerð yfirlésinn og samþykkt
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:07

Þorgerður Þorjónsdóttir
Elisavítt Þorjónsdóttir
Ólafur Ólafsson
Margrét Herra Guðstígnis
Karalinn E.
Sólminna Ólafsson
Ágúst Þorjónsson